

## 3. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt 53. gr. og 70. gr. laga um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum nr. 99/1993, með síðari breytingum. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

## 4. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. heimild í 53. gr., 53. gr. A og 75. gr. laga nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum með síðari breytingum, öðlast þegar gildi og gildir til 1. júlí 1999.

*Landbúnaðarráðuneytinu, 11. mars 1999.*

**Guðmundur Bjarnason.**

*Hjördís Halldórsdóttir.*

## REGLUGERÐ

**um (1.) breytingu á reglugerð nr. 595/1997 um heimilisuppbót, sérstaka heimilisuppbót og frekari uppbætur samkvæmt 9. og 10. gr. laga nr. 118/1993 um félagslega aðstoð.**

## 1. gr.

8. gr. reglugerðarinnar hljóði svo:

*Frekari uppbætur.*

## 8. gr.

Heimilt er að greiða frekari uppbætur til elli- og örorkulífeyrisþega ef sýnt þykir að lífeyrisþegi geti ekki framfleytt sér án þess. Við mat á því hvort lífeyrisþegi geti framfleytt sér skal taka tillit til eigna og tekna bótaþega, þar á meðal bóta almannatrygginga og kostnaðar sbr. 2. mgr. Frekari uppbætur skulu þó aldrei greiddar til lífeyrisþega sem á eignir í peningum eða verðbréfum yfir 4.000.000 kr., eða hefur heildartekjur, að meðtöldum bótum almannatrygginga yfir 96.230 kr. á mánuði. Viðmiðunarmörk hjóna miðist við tvöfaldar þessar upphæðir.

Frekari uppbætur er heimilt að greiða vegna:

1. Umönnunarkostnaðar, sem heimilishjálp eða aðrir opinberir aðilar greiða ekki.
2. Sjúkra- eða lyfjakostnaðar, sem sjúkratryggingar greiða ekki.
3. Húsaleigu, sem fellur utan húsaleigubóta.
4. Vistunarkostnaðar á dvalarheimilum, stofnunum svo og sambýlum og áfangastöðum, sem fengið hafa starfsleyfi frá ráðuneyti eða reka sambærilega starfsemi að mati samráðsnefndar sbr. 3. gr.

## 2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 13. gr. laga nr. 118/1993 um félagslega aðstoð og öðlast gildi nú þegar.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 11. mars 1999.*

**Ingibjörg Pálmadóttir.**

*Jón Sæmundur Sigurjónsson.*